

ÞJÓÐ2AA05**Þjóðhagfræði**

Áfanginn er inngangsáfangi á öðru þrepi.

Undanfarar:

Enginn undanfari er nauðsynlegur.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðspjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagspróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun um efnahagsmál og átti sig á tengslum efnahagsaðgerða stjórnvalda og einkaaðila við siðferðileg álitamál og réttlæti.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Efnahagsmál, framboð, eftirspurn, hagstjórn, peningamál, verðbólga, atvinnuleysi, landsframléiðsla, markaðsaðstæður.

Námsmat:

Verkefni og lokapróf.

Frekari upplýsingar:

Skáarheiti skal vera heiti áfanga með litlum stöfum og ekki íslenskum stöfum dæmi: isle2aa05